

og útlistar svo fyrir honum kunstina. Þegar hann er búinn, tekur faðir hans egginn, segir honum, að hann hafi ekki allsendis skilið rökfærsluna, en svo gjöri það ekkert til, því að hann ætli honum þessi sex egg, sem eftir séu, til morgunverðar.

Einnig getur Weber (Hist. Phil.) þess, að fram að tólftu öld hafi hinir kristnu skólar sinnt öðru mjög lítið í sínum heim-spekisiðkunum en smámunum einum, og þeim oft mjög barnalegum. Lst og því, hvert músinn, er æti af oflátunni, eftir að bú-ið væri að helga hana, hefði virkilega verið til altaris o. sv. frv. Og útaf þess háttar málum spunnust oft megnar óeirðir og langvarandi deilur.

Þótt skólunum væri áfátt í mörgu og allir hefði ekki stór not af þeim, þá samt voru þeir til uppbyggingar fyrir land og lýð, þegar á annað er litið. Það sama, sem stóð menningu og framförum fyrir þrifum, stóð skólunum í vegi, og fyrir þá skuld urðu þeir ekki það, sem þeir áttu að vera og hafa síðar orðið. Menningarstraumar miðaldanna gjörðu ekki framför mannsins að sínu takmarki. Takmarkið var viðhald kyrkjunnar, kenninga hennar og hugsjóna, að verða einvöld á jörðunni. Og til þess voru skólarnir látnir miða. Þeim voru bundnar hendur á bak. Þeir urðu að vinna það verk, er þeim var fengið, að sanna allt „dogma“-kerfið, halda í við þekkingu manna, að hún færi ekki fram úr því, sem hið „opinberaða orð“ kenndi, eða hætta að öðrum kosti. Og að yfirborðinu unnu þeir það verk. Þeir bjuggu til úr mörgum nemanda, er meira sóttist eftir frægð en fræðslu, reglulegan Rasmus Montanus, en þeir hjálpuðu og til að fullkomna slíka menn sem Wicliffe, Bacon, Huss, Abelard, Occam og fleiri, og lögðu þeim þau vopn í hendur, er jafnt bitu á vígða sem óvígða. Og þeir geymdu bækur þessara manna, er urðu öðrum til hvatningar, að slíta af sér þrælatökin og höggva af sér fjötrana. Hið þriðja gagn, sem þeir unnu, og ekki er minnst vert, var fólgið í þeirra eigin tilveru. Vegna þess að skólarnir voru til, voru stofnanir til, er haldið gátu áfram rannsóknunum, strax og kennslan varð frjáls, og menn fóru að mega nota skynseminna.

---